



Viðbragðsáætlun í barnavernd og til frekari stuðnings börnum í borginni

Samþykkt á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar 10. júní 2009, kynnt á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur 16. júní 2009 og kynnt á fundi borgarráðs 18. júní 2009.

Á sameiginlegum fundi velferðarráðs og barnaverndarnefndar þann 29. apríl s.l. þar sem staða barnaverndarmála í Reykjavík var kynnt óskaði meirihluti velferðarráðs og barnaverndarnefndar eftir því með bókun að sviðsstjóri Velferðarsviðs og framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur færu yfir stöðuna og gerðu viðbragðsáætlun miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir um þróun mála hjá BR.

Í fundi borgarráðs þann 14. maí s.l. voru barnaverndarmál til umræðu og óskuðu þá fulltrúar Samfylkingarinnar og VG eftir viðbragðsáætlun frá Velferðarsviði og BR.

Greinargerð

Umtalsverð fjölgun tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur fyrstu fjóra mánuði ársins og fjölgun barna sem tilkynningarnar varða verður að líta á sem vísbendingu um að álag vegna efnahagskreppu sé farið að koma niður á umönnun og líðan barna og unglinga í Reykjavík.

Skv. rannsóknnum og reynslu annarra landa á afleiðingum efnahagshruns og kreppu, getur álag vegna slíks ástands komið fram til styttri tíma í verri líðan fólks, aukinni vanrækslu barna og andlegu og líkamlegu ofbeldi. Til lengri tíma geta vandamálin og afleiðingar þess komið fram í auknum sálrænum/geðrænum/félagslegum vanda barna og ungmenna á fullorðinsárum og þar með skilið eftir sig langvarandi þjóðfélagsvandamál.

Strax í október s.l. lagði Velferðarsvið fram aðgerðaáætlun vegna efnahagsvandans sem miðaði að því að efla aðgengi að félagslegri ráðgjöf og aðstoð á þjónustumiðstöðvum og aðlaga þjónustu að aukinni eftirspurn. Á starfsdegi Barnaverndar Reykjavíkur í nóvember var rætt um hugsanlegar afleiðingar kreppu á starfsemi BR og metið hvort gera þyrfti breytingar á forgangsörðun og verklagi. Niðurstaðan á þeim tíma var að álag vegna efnahagshruns hefði ekki aukist en mikilvægt væri að fylgjast náið með þróun mála. Hefur það verið gert allar götur síðan og var upplýsingasöfnun og upplýsingamiðlun m.a. eflað verulega í því sambandi. Nú liggja fyrir upplýsingar um að barnaverndartilkynningum hefur fjölgað verulega á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við fyrra ár og hefur álag á starfsmenn BR aukist samhliða því.

Nú þegar eru í starfandi í borginni tveir starfshópar sem sérstaklega fylgjast með málefnum barna: *Börnin í borginni* undir forystu Menntasviðs og *aðgerðateymi Velferðarsviðs*. Í þessum hópum sitja embættismenn og fulltrúar kennara og foreldra, fulltrúar frá Menntasviði, Velferðarsviði/Þjónustumiðstöðvum Leikskólasviði, ÍTR, Menningar og ferðamálasviði og Mannréttindaskrifstofu auk þess sem aðrir starfsmenn eru kallaðir til eftir þörfum. Verkefni hópanna er m.a. að fylgjast með líðan barna í borginni og koma með ábendingar og tillögur um aðgerðir ef þörf er talin á. Upplýsingaöflun og upplýsingagjöf á Velferðarsviði hefur verið eflað verulega, m.a. er fylgst náið með tilvísunum til sérfræðiþjónustu á þjónustumiðstöðvum frá leikskólum og skólum og barnaverndartilkynningum og öðrum mikilvægum upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur. Markmiðið er að bregðast tímanlega við vanda barna og ungmenna.

Sviðstjóri Velferðarsviðs er þáttakandi í velferðarvakt á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Velferðarvaktin hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með

markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu fjölskyldna, barna og heimilanna. Einnig að samhæfa upplýsingaöflun og tillögugerð. Með þátttöku sviðsstjóra er tryggð tenging milli borgarinnar og aðgerða á landsvísu.

Velferð barna er málefni allra fjölskyldna og allra þeirra sem koma að starfi með börnum og fjölskyldum hjá borginni. Aðeins með sameiginlegu átaki og með því að beina sjónum heildstætt að því að verja börnin fyrir afleiðingum þeirra efnahagslegu áfalla sem þjóðin glímir nú við er hægt að koma í veg fyrir sálrænar og félagslegar afleiðingar til lengri tíma. Í mörgum tilvikum koma afskipti Barnaverndar Reykjavíkur ef/þegar önnur stuðningsúrræði og þjónusta hafa ekki náð að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi og eða hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Það er því mikilvægt að líta á stuðning við börn og fjölskyldur þeirra í stóru samhengi og líta til allrar þeirra þjónustu Reykjavíkurborgar sem snýr að börnum.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs og framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur leggja áherslu á mikilvægi þess að fjölskyldusvið borgarinnar vinni sameiginlega og markvisst að því að verja börn og fjölskyldur í Reykjavík fyrir alvarlegustu afleiðingum kreppunnar, bæði til skemmri og lengri tíma.

Þegar hefur verið gripið til ýmissa aðgerða sem tengjast Barnvernd Reykjavíkur:

- Endurskoðun regla um samskipti og samstarf þjónustumiðstöðva og Barnaverndar er nýlokið. Markmiðið með endurskoðun reglnanna var að einfalda og þetta samstarfið enn frekar. Verið er að leggja lokahönd á sérstaka verkferla sem byggja á samskiptareglunum.
- Markvisst er unnið að því að bæta upplýsingasöfnun og upplýsingagjöf og þetta samstarf barnaverndar við starfsfólk grunnskóla og leikskóla borgarinnar m.a. er reglulega boðað til samstarfsfunda í grunnskólum borgarinnar.
- Sviðsstjórar Menntasviðs og Velferðarsviðs ákváðu nýlega að setja af stað starfshóp til að forma sérstakt verklag milli skólanna, þjónustumiðstöðva og barnaverndar í þeim tilgangi að skerpa á hlutverki ólíkra aðila og geta þannig brugðist betur við alvarlegum vanda barna og unglinga en áður. Verið er að leggja lokahönd á verklag til að bæta þjónustu við grunnskólabörn með fjölpættan vanda.
- Nú er í vinnslu sérstök þarfagreining vegna úrræða fyrir Barnavernd Reykjavíkur í þeim tilgangi að geta með markvissari hætti brugðist við vanda þeirra barna sem starfsmenn Barnaverndar hafa afskipti af.
- Nú þegar hefur verið brugðist við auknu álagi hjá Barnavernd Reykjavíkur með ákvörðun um að bæta við stöðugildi og vel verður fylgst með framvindu og fjölda mála á næstu misserum hjá BR.

Því til viðbótar er hér lögð fram frekari viðbragðsáætlun/aðgerðaáætlun í barnavernd og til stuðnings börnum í Reykjavík. Lögð er áhersla á að horft sé á stuðning við börn í víðu samhengi, enda er eftirlit og stuðningur við velferð barna í borginni ekki aðeins málefni Barnaverndar Reykjavíkur. Það getur skipt sköpum að bregðast snemma við í ferlinu þegar vanlíðan, hegðunarvandamál, ofbeldismál eða vísbendingar um vanrækslu koma upp. Ljóst er að hvert svið borgarinnar hefur nú þegar gripið til margvíslegra aðgerða og fylgist náið með þróun mála en meðfylgjandi eru enn frekari ábendingar um áherslur og aðgerðir.

Frekari aðgerðir:

1. Velferðarsvið/þjónustumiðstöðvar/Barnavernd Reykjavíkur
 - a. Aðgerðateymi Velferðarsviðs fylgist áfram reglulega með þróun mála á þjónustumiðstöðvum og hjá barnavernd og bregðist við ef þörf krefur. Lögð verði sérstök áhersla á samstarf barnaverndar og þjónustumiðstöðva í einstaklingsmálum skv. samþykktum reglum velferðarráðs um samskipti og samstarf þjónustumiðstöðva og barnaverndar þar um.
 - b. Endurmetið verði reglulega þörf á ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum í málefnum barna og fjölskyldna hjá Barnavernd Reykjavíkur og á þjónustumiðstöðvum og lagðar fram tillögur ef þörf krefur.
 - c. Brugðist verði við öllum tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur innan sjö daga og mál sett í viðeigandi farveg. Könnun tilkynninga skal að öllu jöfnu ekki taka lengri tíma en þrjá mánuði.
 - d. Kynnt verði betur heimild í fjárhagsaðstoðarreglum um sérstakar greiðslur vegna barna til að geta komið til móts við tekjulítið fólk vegna skólamáltíða, tómsunda og fatnaðar.
 - e. Eflt verði enn frekar samstarf þjónustumiðstöðva, heilsugæslu, BUGL og BR og komið á samningum í þeim hverfum sem samningur er ekki fyrir hendi.
 - f. Úrræði Barnaverndar Reykjavíkur verði endurmetin þegar þarfagreining sem nú er í vinnslu liggur fyrir og gerðar tillögur til velferðarráðs til úrbóta ef þurfa þykir samhliða fjárhagsáætlun 2010. Samráð verði haft við aðgerðahóp kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki.
 - g. Sett verði af stað tilraunaverkefni Menntsviðs og Velferðarsviðs v. grunnskólubarna með fjölþættan vanda þegar starfshópur þess efnis hefur lokið störfum.
 - h. Kannað verði markvisst í gegnum heimahjúkrun hvernig þjónustu frá heilsugæslu við börn með geðrænan vanda er háttað og gerðar tillögur til úrbóta ef þörf krefur.
 - i. Leitað verði fyrirmynda erlendis frá í samstarfi við velferðarvakt félags- og tryggingamálaráðuneytisins um aðgerðir í kreppu til stuðnings börnum. Aðgerðahópur kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki verði upplýstur reglulega um það samstarf.
2. Menntasvið, Leikskólasvið og ÍTR. Skólar, leikskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar – fyrsti vettvangur eftirlits og stuðnings.
 - a. Áfram verði fylgst náið með þróun mála í gegnum starfshópin *Börnin í borginni* s.s. því hvort foreldrar hætti í auknu mæli að kaupa skólamáltíðir fyrir börn sín, hvort vanskil vegna skólamáltíða aukist, hvort börn séu tekin úr leikskólum vegna tekjumissis foreldra, hvort vanskil vegna leikskólagjalda aukist, hvort börn séu tekin af frístundaheimilum og hvort vanskil vegna dvalar á frístundaheimilum aukist. Einnig verði áfram fylst reglulega með mætingum og líðan barna í skólum, leikskólum og á frístundaheimilum. Aðgerðahópur kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki verði upplýstur reglulega.
 - b. Skólarnir haldi áfram að standa vörð um nemendur sína á einstaklingsgrunni m.t.t. þess ástands sem ríkir í samfélaginu og hafi þétt samstarf við þjónustumiðstöðvar og barnavernd eftir því sem við á.
 - c. Enn frekari áhersla verði lögð á eftirlit í leikskólum, skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi í samræmi við Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 19. maí s.l. um úttekt á áætlunum borgarstofnana um einelti.
 - d. Verkferlar milli skóla og þjónustumiðstöðva í málum nemenda með sértækar þarfir og félagslega erfiðleika verði endurskoðaðir í kjölfar nýrrar reglugerðar um skólareglur og aga.

- e. Regluleg kynning fari fram í skólum á þeim stuðningi/úrræðum sem til staðar eru á þjónustumiðstöðvum og hjá BR.
- f. Starfsmenn í skólum, leikskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og í sumarstarfi á vegum ÍTR fái frekari fræðslu um sálrænan stuðning við börn í erfiðleikum.
- g. Menntasvið beiti sér fyrir auknu samráði við heilsugæslu um aukið sálgæsluhlutverk skólahjúkrunarfræðinga. Einnig verði lögð áhersla á sálgæsluhlutverkið við námsráðgjafa og félagsráðgjafa.
- h. Fylgst verði markvisst með nýtingu frístundakorts og gerðar ráðstafanir ef með þarf til að tryggja að þeir sem mest þurfa á að halda nýti frístundakortið. Samráð verði haft við aðgerðahóp kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki.

3. Almenn upplýsingagjöf

- a. Lögð verði áhersla á kynningu í leikskólum og skólum til foreldra á þeirri þjónustu, ráðgjöf og aðstoð sem í boði er á vegum borgarinnar.
- b. Auka upplýsingamiðlun til heilsugæslustöðva í hverfum. Gera átak í dreifingu upplýsinga um aðstoð og þjónustu til lækna og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum.

4. Forvarnir

- a. Tryggt verði öflugt forvarnarstarf í borginni út frá forvarnarstefnu borgarinnar í samvinnu við samráðshóp fagsviða um innleiðingu forvarnarstefunnar og aðgerðahóp kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki. M.a. verði lögð áhersla á öflugt samstarf við skóla, leikskóla, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, íþrótt- og æskulýðsfélög, lögreglu og aðra aðila eftir þörfum.
- b. Samráðsteymi í hverfum borgarinnar hafi virkt eftirlit í gegnum skóla, leikskóla, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, íþrótt- og æskulýðsfélögin, lögreglu, kirkjuna, Rauði Krossinn og aðra aðila eftir þörfum og fylgst verði með ástandi á sundstöðum, í verslunarmiðstöðvum og á öðrum stöðum sem börn og unglingar koma saman. Aðgerðahópur kjörinna fulltrúa um velferð barna í borginni sem lagt hefur verið til að borgarráð samþykki verði upplýstur reglulega.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs fylgi aðgerðaáætluninni eftir í samstarfi við sviðsstjóra Leikskólasviðs, fræðslustjóra og framkvæmdastjóra ÍTR. Samantekt um eftirfylgni verður lögð fyrir velferðarráð á þriggja mánaða fresti.

Reykjavík 1. júní 2009

Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur